

Þegar ég verð stór

„Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?“. Hver kannast ekki við þessa spurningu? Eflaust hefur þó svarið breyst í áranna rás.

- a) Gerðu lista yfir þau störf sem þig hefur einhvern tímann langað til að vinna og ef þú manst hvers vegna þig langaði til þess skaltu skrá það líka.



- b) Er eitthvert starf á listanum þínum sem þú gætir enn hugsað þér að sinna og þá hvaða starf og hvers vegna?

Það sem veitir mér ánægju

Veltu fyrir þér hvað það er sem veitir þér ánægju.
Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann?



Hver eru áhugamál þín? og hvernig sinnir þú þeim?

Hvenær nýturðu þín best?

Hvað hefur þig alltaf langað til að gera?

Finnst þér skipta máli að áhugi og starf fari saman? Hvers vegna? / Hvers vegna ekki?

Störf sem ég hef áhuga á

Skoðaðu atvinnuauglýsingarnar í blöðunum eða á Netinu.

Ef þú þyrftir að sækja um starf núna hvert af þeim störfum sem auglýst eru yrði fyrir valinu?

1. Klipptu eða prentaðu út auglýsinguna og límdu á verkefnablaðið þitt.
2. Skráðu hvers vegna þetta starf varð fyrir valinu og hvaða eiginleika þú hefur til að bera sem gera þig hæfa(n) til þess að sinna þessu starfi.
3. Veltu einnig fyrir þér hvort og þá í hverju þú þyrftir að bæta þig til að eiga möguleika á að fá starfið.

1

Líma hér eða aftan á blaðið.

2

3



Styrkleikar og veikleikar

Það er gott að eiga sér drauma og stefna hátt. En það skiptir líka máli að vera raunsæ(r) og geta séð hlutina í réttu ljósi. Eitt af því sem mikilvægt er að velta fyrir sér er hvar styrkleikar þínir og veikleikar liggja og gera áætlanir út frá því.

- a) Skráðu hjá þér a.m.k. þrjá helstu kosti þína og þrjú atriði sem þú myndir vilja bæta. Biddu fullorðinn fjölskyldumeðlim annars vegar og góða vinkonu / góðan vin hins vegar að gera slíkt hið sama. Skráðu þeirra svör líka hjá þér.



Mín svör:

Kostir mínir

Í þessu vil ég bæta mig

Svör fjölskyldu:

Kostir mínir

Í þessu vil ég bæta mig

Svör vinar/vinkonu:

Kostir mínir

Í þessu mætti ég bæta mig

- b) Ert þú sammála því sem viðmælendum þínum finnst um þig?
Hvers vegna / hvers vegna ekki?

Vegvísir að settu marki

Í verkefninu Styrkleikar og veikleikar áttir þú m.a. að nefna þrjú atriði sem þú vilt breyta eða bæta. Veldu nú eitt af þeim atriðum sem þú nefndir þar og taktu ákvörðun um aðgerðir. Búðu til leiðarvísi sem vísar þér veginn að árangri. Neðst skaltu skrá hver veikleikinn er. Efst skaltu skrá óskastöðuna. Teiknaðu svo veg þarna á milli. Á leið þinni að settu marki þarftu að leysa nokkur verkefni. Skráðu nú á veginn það sem þú þarft að gera til að ná markmiði þínu (veldu a.m.k. þrjú atriði) og hvenær þú ætlar að ljúka við hvert verkefni.

Dæmi um úrlausn:

Óskastaða: Lýk verkefnum með góðum fyrirvara:

3. **Hvað:** Fylgja tímaáætlun.
Hvenær: Alla næstu viku.

2. **Hvað:** Gera tímaáætlun. Hvenær:
Fyrir föstudaginn.

1. **Hvað:** Pantu tíma hjá námsráðgjafa
og læra um tímaskipulag. Hvenær: Í dag.

Veikleiki: Skýt hlutum á frest



Áhrifavaldar og fyrirmyndir

Hvaða tvær manneskjur myndir þú segja að hafi haft mest áhrif á þig í gegnum tíðina?

A. _____ B. _____

Hvers vegna hafa þær haft áhrif á þig?

A

B



Hvaða eiginleikum búa þær yfir sem þér finnst eftirsóknarverðir?


A

B



Sá á kvölinna sem á völinna

Finndu tvo kosti sem þú ætlar að velja á milli, þetta geta verið tveir góðir kostir eða tveir slæmir kostir. Teiknaðu hugarkort þar sem þú gerir grein fyrir öllum þeim kostum og göllum sem fylgja hvorri ákvörðun um sig.



Kostur 1	
Kostir	Gallar

Kostur 2	
Kostir	Gallar

Mín ákvörðun:

Veldur hver á heldur

Í þessu verkefni eigið þið að vinna saman í hópum.

Þið fáið stutta frásögn af manneskju sem er í þeim sporum að þurfa að taka ákvörðun.

Þið eigið að ræða saman um þá valkosti sem hún hefur.

- a) Veljið ritara.
- b) Veltið fyrir ykkur hvaða þættir hafa áhrif á sögupersónuna í tengslum við þá ákvörðun sem hún stendur frammi fyrir.
- c) Kynnið niðurstöður fyrir öðrum nemendum í bekknum.

Úrvinnsla



Niðurstöður

Staðalmyndir

Veljið einn umræðustjóra sem hefur það verkefni að gæta þess að allir komist að í umræðunni og einn ritara sem skráir niðurstöður. Ræðið svo og svarið eftirfarandi spurningum:



1. Hvað eru staðalmyndir? Nefnið nokkur dæmi.

2. Skipta staðalmyndir um kynin einhverju máli? Hvers vegna, hvers vegna ekki?

3. Hvernig er hægt að hafa áhrif á staðalmyndir og hvers vegna er það æskilegt?

4. Hver er munurinn á staðreyndum, um það sem er ólíkt hjá kynjunum, og staðalmyndum?

Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 1

Í fjölmiðlum birtast oft skýrar ímyndir um hlutverk kynjanna. Settu upp kynjagleraugun og flettu í gegnum dagblöð og tímarit, horfðu á fréttir og annað sjónvarpsefni, hlustaðu á útvarpið og vafraðu á Netinu. Vertu vakandi fyrir efni þar sem greinilegt er að kynin eru sett í ákveðin hlutverk. Greindu svo frá því í stuttu máli sem vakti athygli þína og hvernig staðalmyndir koma fram í því sem þú valdir. Hafir þú valið prentað efni máttu gjarnan klippa/prenta það út og líma við hlið textans.

Efnið sem ég tók eftir birtist í:

Sjónvarpi Útvarpi Dagblaði Tímariti

Auglýsingabæklingi Á Netinu Annars staðar _____

Um hvað var fjallað?

Með hvaða hætti komu fram staðalmyndir í efninu/umfjölluninni?

Hvaða áhrif getur það haft þegar svona efni birtist í fjölmiðlum? Segðu þína skoðun.

Pláss fyrir úrklippu. Ef það er of lítið límið þá aftan á blaðið.



Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 2

Veldu einn fréttatengdan þátt til að fylgjast með í sjónvarpi eða útvarpi og skráðu hjá þér eftirfarandi upplýsingar:



Hvaða þátt horfðir/hlustaðir þú á? _____ Dags: _____

Hvers kyns var þáttastjórnandi/þáttastjórnendur:

KK: KVK:

Segðu frá þremur atriðum í þættinum – um hvað var fjallað og hvers kyns voru viðmælendur?

1. atriði: _____

Kyn viðmælenda:

KK: KVK:

2. atriði: _____

Kyn viðmælenda:

KK: KVK:

3. atriði: _____

Kyn viðmælenda:

KK: KVK:

Eftir hverju tókstu í sambandi við aðkomu kynjanna að þættinum sem þú horfðir á?

Hvað felst í starfinu ...?

Eflaust veistu sitt af hverju um starfið á spjaldinu sem þú dróst en líklega hefur þú þó ekki áttað þig alveg á því hvað **nákvæmlega** felst í þessu starfi. Verkefni þitt er að komast að því. Það getur þú gert með því að afla þér upplýsinga af Netinu eða með því að taka viðtal við einhvern sem sinnir þessu starfi.

Hvert er starfið?

Hvaða verkefni eru innt af hendi í þessu starfi (finndu a.m.k. 5 til 10 mismunandi verkefni)?



Lýstu hefðbundnum vinnudegi hjá þeim sem sinna þessu starfi:

Hvaða hæfileika og kunnáttu þarf að hafa til að geta sinnt starfinu?

Finnst þér þetta áhugavert starf? Hvers vegna? / Hvers vegna ekki?

Atvinnulíf í heimabyggð – vettvangsheimsókn

Verkefni þitt er að kynna þér atvinnustarfsemi í heimabyggð þinni. Notaðu fyrirtækjaskrá eða gulu síðurnar í símaskránni og á www.ja.is til að fá upplýsingar um hvaða fyrirtæki starfa í nágrenni við þig. Athugaðu hvort vinnustaðurinn sem þú hefur áhuga á geti tekið á móti þér. Ræddu við kennarann þinn um nánari tilhögun. Vertu búin(n) að athuga hvaða spurningum þú vilt fá svör við. Þú þarft að nota svörin í skýrslu um heimsóknina. Hér eru tillögur að spurningum.

- Hvert er fyrirtækið/stofnunin?
- Hver er aðalstarfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar?
- Hvaða störf eru unnin í þessu fyrirtæki/stofnun?
- Hvaða færni þarf að búa yfir til að geta unnið þessi störf?
- Hvaða nám er að baki þessum störfum?
- Mundu svo að fá undirskrift þess sem tók á móti þér!

1. Punktaðu hjá þér svör við spurningum.
2. Skráðu líka hjá þér það sem fyrir augu ber.
3. Taktu saman skýrslu um heimsóknina sem þú notar þegar þú gerir bekkjarfélögum grein fyrir heimsókninni, munnlega eða með glærum.
4. Mundu að geyma skýrsluna í möppunni þinni.



Nýja starfið er ...

Atvinnulífið er í stöðugri þróun. Sum störf hafa vissulega verið til svo lengi sem elstu menn muna en önnur eru ný af nálinni eins og t.d. mörg störf sem tengjast tæknigeiranum. Í framtíðinni verða svo eflaust til störf sem við þekkjum ekki í dag.

Nú eigið þið að finna upp NÝTT starf sem þið teljið líklegt, eða að minnsta kosti hugsanlegt, að verði til í framtíðinni. Skráið starfslýsingu fyrir starfið á verkefnablaðið.

Starfið er: _____



Starfslýsing:



Að koma auga á tækifærin

Semjið framhald á frásagnirnar hér neðar. Hugleiðið með hvaða hætti persónurnar sem þar er sagt frá gætu brugðist við á tvo vegu, annaðhvort með viðbrögðum sem fela í sér hindrun eða viðbrögðum sem fela í sér lausn.

Stefán er fyrirliði fótboltaliðs. Hann er efnilegur og stefnir á atvinnumennsku í framtíðinni. Liðinu hans hefur gengið mjög vel á tímabilinu og fram undan er úrslitakeppni á Íslandsmótinu. Á æfingu skömmu fyrir keppnina varð hann fyrir því óláni að slíta liðbönd ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.



Aron hefur ýmsa listræna hæfileika. Í framtíðinni langar hann til þess að verða leikari. Hann vill bæði geta sungið og dansað á sviðinu. Hann sækir um í listdansskóla og þarf að þreyta inntökupróf. Þrátt fyrir að æfa nokkuð vel er honum hafnað að sinni ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.

Freyja hefur nýlokið fyrsta árinu í framhaldsskóla. Henni finnst gaman í skólanum og er mjög virk í félagslífinu. Námið stundar hún sæmilega. Í skólanum er bekkjarkerfi og nú hefur komið í ljós að námsárangur hennar er ekki nægilega góður og því þarf hún að endurtaka fyrsta árið ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.

Eyrún er í leikfélagi skólans. Ætlunin er að setja á svið stórt leikrit og vitað að margir munu sjá verkið. Eyrún hefur ákveðið að sækja um aðalhlutverkið. Þegar kemur að prufum fyrir hlutverkin verður hún lasin. Þrátt fyrir hita og slen mætir hún í prufuna. Henni er ekki boðið aðalhlutverkið heldur nokkuð viðamikið aukahlutverk ...

Viðbrögð sem fela í sér hindrun eða neikvæða hugsun.

Viðbrögð sem fela í sér lausn eða jákvæða hugsun.

Framhaldsskólar á Íslandi



Skóli 1: _____

Hvers konar skóli (iðn-/tækniskóli, menntaskóli, fjölbrautaskóli ...)? _____

Hvaða námsbrautir/svið er hægt að velja innan skólans? _____

Nefndu dæmi um inntökuskilyrði á þrjár brautir sem þér finnst áhugaverðar:

Hvað er til ráða ef inntökuskilyrði hafa ekki verið uppfyllt? _____

Er bekkjarkerfi eða áfangakerfi í skólanum? _____

Með hvers konar próf útskrifast nemendur frá skólanum (stúdentspróf, sveinspróf, annað)?

Hvaða möguleika gefur nám í þessum skóla með tilliti til framhaldsmenntunar eða starfs?

Annað sem þér þykir athyglivert: _____

Framhaldsskólar á Íslandi



Skóli 2: _____

Hvers konar skóli (iðn-/tækniskóli, menntaskóli, fjölbrautaskóli ...)? _____

Hvaða námsbrautir/svið er hægt að velja innan skólans? _____

Nefndu dæmi um inntökuskilyrði á þrjár brautir sem þér finnst áhugaverðar:

Hvað er til ráða ef inntökuskilyrði hafa ekki verið uppfyllt? _____

Er bekkjarkerfi eða áfangakerfi í skólanum? _____

Með hvers konar próf útskrifast nemendur frá skólanum (stúdentspróf, sveinspróf, annað)?

Hvaða möguleika gefur nám í þessum skóla með tilliti til framhaldsmenntunar eða starfs?

Annað sem þér þykir athyglivert: _____

Bekkjarkerfi eða áfangakerfi

Lestu um bekkjar- og áfangakerfi. Kynntu þér í hverju helsti munurinn er fólgin.



Hverja telur þú vera kosti og galla hvors kerfis um sig?

Hvort kerfið telur þú að myndi henta þér betur og hvers vegna?

Áhugakönnun

A) Hér á eftir eru taldar upp 105 athafnir. Þú átt að gefa þessum athöfnum stig, á skalanum 1 og upp í 4, eftir því hversu vel eða illa þér líka þær eða heldur að þér myndi líka þær. Stigin skráir þú jafnóðum í meðfylgjandi stigatöflu. (Byggt á könnun úr *Dit Livs Direktør*)

1 stig = líkar alls ekki / myndi alls ekki líka

2 stig = líkar ekkert sérstaklega / myndi ekki líka sérstaklega

3 stig = líkar nokkuð vel / myndi líka nokkuð vel

4 stig = líkar mjög vel / myndi líka mjög vel



1. Rafsjóða / vinna með málma		25. Selja tryggingar	
2. Gera við bíla		26. Skera kjöt	
3. Setja saman vélar		27. Leika í leikriti	
4. Gera tilraunir		28. Kenna/leiðbeina ungu fólki í skóla	
5. Vinna við landbúnað		29. Meðhöndla veik dýr	
6. Aka vinnuvélum		30. Hjálpa föngum í fangelsi	
7. Stunda íþróttir eins og köfun og svífdrekaflug		31. Stofna eigið fyrirtæki	
8. Gefa viðskiptavinum í banka ráð um fjármál		32. Finna út hvernig tæki virka	
9. Skrifa texta og setja hann upp		33. Finna upp á tæknilegum hjálpartækjum fyrir fatlaða	
10. Eiga samskipti við nýtt fólk á hverjum degi			
11. Útbúa mat (á veitingahúsi)		34. Efnagreina vökva og hluti	
12. Teikna og mála		35. Hirða garða	
13. Vinna í hljóð- eða myndveri		36. Aka dráttarvél	
14. Hjálpa veiku fólki		37. Hjálpa fólki í neyð	
15. Ráðleggja fólki um starfs- og/eða atvinnumöguleika		38. Búa til tölvuforrit.	
		39. Panta ferðir og hótél	
16. Sauma föt		40. Vera í móttöku og gefa upplýsingar	
17. Búa til þitt eigið útvarp		41. Elda fínan mat	
18. Teikna nákvæm kort (t.d. af landssvæðum) með hjálp tölvu		42. Innrétta íbúð	
		43. Setja upp form og texta, t.d. bæklinga.	
19. Leysa vandamál skref fyrir skref á rökréttan hátt		44. Passa lítil börn	
20. Fella tré		45. Gefa ráð varðandi trúmál	
21. Taka þátt í torfærukeppni		46. Saga og bora	
22. Vakta / standa vörð um byggingar og hluti		47. Leggja raflagnir	
23. Gera tölulega útreikninga		48. Teikna húsbyggingar	
24. Gefa og taka á móti upplýsingum í síma		49. Skrifa bók / semja ljóð	

50. Passa dýr		78. Próa nýjar vinnuaðferðir	
51. Keyra strætó/rútu		79. Stunda mælingar á tilraunastofu	
52. Vakta hús og eignir		80. veiða meindýr	
53. Hafa reglu á tekjum og gjöldum		81. Vakta flugumferð	
54. Halda utan um skrár (skrifa t.d. fundargerðir og geyma á vísu stað)		82. Slökkva eld	
		83. Halda utan um fjármuni	
55. Vinna í búð		84. Skrá upplýsingar	
56. Blanda drykki		85. Skipuleggja fundi	
57. Skapa úr keramiki/leir		86. Skrifa faglegar greinar	
58. Halda fyrirlestra		87. Myndskreyta bók	
59. Taka blóðprufur		88. Leiðbeina vinnufélögum	
60. Hjálpa nemanda með lestrarerfiðleika		89. Þjálfa fólk með talerfiðleika	
61. Veggfóðra		90. Veita lögfræðilega ráðgjöf	
62. Gera við föt		91. Stýra vélum	
63. Mæla landskika /lóð		92. Finna og gera við bilun í hljóðkerfi	
64. Stunda erfðafræðirannsóknir		93. Teikna / setja saman vélmenni	
65. Stunda lífræna ræktun		94. Skipuleggja tilraun	
66. Gera við landbúnaðarvélar		95. Gefa ráð um afleggjara af trjám og blómum	
67. Sjá til þess að lögum og reglum sé fylgt		96. Afferma vörubíl	
68. Fylgjast með hlutabréfamörkuðum		97. Upplýsa efnahagsbrot	
69. Rita fundargerð		98. Leiða viðræður, stýra viðræðum	
70. Finna hugmyndir að auglýsingum		99. Taka á móti pöntunum	
71. Baka brauð		100. Skipuleggja innkaup	
72. Syngja		101. Útbúa matseðil fyrir heila viku	
73. Sjá um útstillingu í búðarglugga		102. Framkalla ljósmyndir	
74. Hjúkra öldruðum		103. Þjálfa handbolta/fótbolta	
75. Aðstoða eiturfjaskjúklinga		104. Meðhöndla fólk með sálræna sjúkdóma	
76. Vinna með vélar		105. Vinna með börnum	
77. Gera við hjól			

Stigatafla



1	16	31	46	61	76	91	Flokkur 1 – samtals
2	17	32	47	62	77	92	Flokkur 2 – samtals
3	18	33	48	63	78	93	Flokkur 3 – samtals
4	19	34	49	64	79	94	Flokkur 4 – samtals
5	20	35	50	65	80	95	Flokkur 5 – samtals
6	21	36	51	66	81	96	Flokkur 6 – samtals
7	22	37	52	67	82	97	Flokkur 7 – samtals
8	23	38	53	68	83	98	Flokkur 8 – samtals
9	24	39	54	69	84	99	Flokkur 9 – samtals
10	25	40	55	70	85	100	Flokkur 10 – samtals
11	26	41	56	71	86	101	Flokkur 11 – samtals
12	27	42	57	72	87	102	Flokkur 12 – samtals
13	28	43	58	73	88	103	Flokkur 13 – samtals
14	29	44	59	74	89	104	Flokkur 14 – samtals
15	30	45	60	75	90	105	Flokkur 15 – samtals


Reiknaðu nú saman stigin þín. Skráðu svo hvaða þrjú flokkar fengu flest stig hjá þér.

1. _____ 2. _____ 3. _____

B) Reyndu nú að finna sem allra flest áhugaverð störf sem gætu fallið undir þá **þrjá** flokka sem eiga best við þig. Þú mátt líka skoða fleiri flokka ef þú vilt.

Flokkur 1

Þér líkar vel að vinna með höndunum og nota verfæri og tæki. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?



Flokkur 2

Þér líkar vel að setja saman og lagfæra hluti og vélar. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 3

Þér líkar vel að teikna, mæla og áætla. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 4

Þér líkar vel að gera tilraunir og leysa stærðfræðileg vandamál. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 5

Þér líkar vel að vinna með dýr og jurtir. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 6

Þér líkar vel að stjórna vinnuvélum. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 7

Þér líkar vel að halda reglu, hindra lögbrot og grípa inn í neyðarástand. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 8

Þér líkar vel að greina og útbúa fjárhagsáætlanir. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 9

Þér líkar vel að skrifa texta, skrásetja og halda reglu á skjölum. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 10

Þér líkar vel að kaupa, selja og veita persónulega þjónustu. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 11

Þér líkar vel að matreiða, baka og skipuleggja matseðla. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 12

Þér líka vel listræn viðfangsefni. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 13

Þér líkar vel að kenna, leiðbeina, ritstýra og upplýsa. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 14

Þér líkar vel að hjálpa, hjúkra og vinna með fólk. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Flokkur 15

Þér líkar vel að ráðleggja fólki varðandi persónuleg, félagsleg eða fjárhagsleg vandamál. Hvaða störf gætu komið til greina? Hver þeirra finnst þér áhugaverðust?

Hvaða þrjú störf, af þeim sem þú hefur skrifað hér að framan, finnst þér áhugaverðust?


1. _____ 2. _____ 3. _____

Menntavegurinn

Nú átt þú að velja þér eitt starf sem þér finnst mjög áhugavert. Ef þú hefur tekið einhvers konar áhugakönnun getur þú stuðst við niðurstöður hennar. Þegar þú hefur valið starf átt þú að kanna hvaða menntun eða undirbúningur liggur til grundvallar starfinu. Hér neðar er mynd af menntaveginum. Notaðu hann sem tímaás þegar þú leysir verkefnið. Ef þú myndir ákveða hér og nú að þú ætlaðir að velja tiltekið starf, hvaða skref þyrftir þú þá að taka á menntaveginum áður en þú værir komin(n) í draumastarfið? Þú þarft að gera grein fyrir námi á öllum skólastigum sem þarf að ljúka áður en takmarkinu er náð, þ.e. námi í framhaldsskóla, háskóla, námskeiðum eða hvað sem við á. Hvaða skóli/skólar býður/bjóða upp á viðeigandi nám? Hvaða námsbraut undirbýr þig best? Hve langan tíma áætlaðu í hvern hluta námsins? Eru einhverjar hindranir sem þarf að yfirstíga? Færðu allar þær upplýsingar sem þú kemst yfir inn á viðeigandi stað á menntaveginum þínum.

Draumastarfið er:

Byrjun



Endir



Menntagátt

Fyrsta skrefið í innritun í framhaldsskóla er að kynna sér rækilega hvernig umsóknarferlið er. Hjá náms- og starfsráðgjafa getur þú fengið allar upplýsingar um innritunarreglur og á vefsíðunni www.menntagatt.is ættirðu einnig að finna allar þær upplýsingar sem þú þarft til þess að geta leyst eftirfarandi verkefni.

Hvaða almennar reglur gilda um innritun í framhaldsskóla?



Hvar sækir maður um framhaldsskóla?

Hvað á að velja marga skóla?

Hvenær fer innritun fram?

Verður hægt að endurskoða val sitt síðar og þá hvenær?

Þarf að senda einhver fylgiskjöl með umsókninni?

Hvernig er sótt um, þarf eitthvert aðgangsorð?

Hvar er hægt að fá aðstoð ef á þarf að halda?

Hvaða skóli?

Um þessar mundir bjóða margir framhaldsskólar upp á opin hús fyrir grunnskólanemendur. Það er gullið tækifæri til að heimsækja áhugaverða skóla, kynna sér námið sem þar er í boði, félagslífið og annað sem tengist skólastarfinu. Veldu að minnsta kosti þrjá skóla (ef þú hefur tök á því) sem þú heldur að höfði til þín. Finndu út hvenær þeir eru með opið hús og skelltu þér svo í heimsókn. Skrifðu örstutta greinargerð um upplifun þína eftir hverja heimsókn.

Skóli 1:	Opið hús dags:
Hvernig leið þér í heimsókninni?	
Höfðar námsframboð skólans til þín?	
Hvað líkaði þér best við skólann?	
Hvað líkaði þér ekki eins vel?	
Er líklegt að þú standist inntökuskilyrði í þennan skóla?	
Gætir þú hugsað þér að nema við þennan skóla eftir að hafa heimsótt hann?	
Aðrar hugleiðingar í heimsókninni:	

Skóli 2:	Opið hús dags:
Hvernig leið þér í heimsókninni?	
Höfðar námsframboð skólans til þín?	
Hvað líkaði þér best við skólann?	
Hvað líkaði þér ekki eins vel?	
Er líklegt að þú standist inntökuskilyrði í þennan skóla?	
Gætir þú hugsað þér að nema við þennan skóla eftir að hafa heimsótt hann?	
Aðrar hugleiðingar í heimsókninni:	

Líklegast er að ég sæki um skólavist í: _____